

Skot Productions ehf.
Mörkin 4
108Reykjavík

Garðabær, mánudagur, 18. ágúst 2025
202508-0030/Á.G.
10.02.01

Efni: Umsókn um leyfi - Ljósmynda- og kvikmyndatökur á friðlýstum svæðum

Náttúruverndarstofnun hefur mótttekið umsókn Skot Productions ehf., dagsett 12.8.2025 14:04:00, um leyfi til kvikmyndatöku með dróna innan Reykjanesfólksvangs, Dyrhólaey, Fjallabak og Hjálparfoss.

Dyrhólaey er friðlýst sem náttúruvætti sbr. [auglýsing nr. 101/1978](#). Óheimilt er að trufla dýralíf á svæðinu. Mannvirkjagerð og jarðrask er óheimil nema með leyfi Náttúruverndarstofnunar. Samkvæmt 4. kafla í [stjórnunar- og verndaráætlun](#) náttúruvættisins er flug fjarstýrðra loftfara óheimilt innan náttúruvættisins nema að fengnu leyfi Náttúruverndarstofnunar. Jafnframt skal leita leyfis Náttúruverndarstofnunar vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem hafa í för með sér hættu á jarðraski, truflun á dýralífi eða upplifun gesta innan verndarsvæðisins, s.s. vegna kvikmyndagerðar og samkomuhalds skv. stjórnunar- og verndaráætlun náttúruvættisins.

Friðland að Fjallabaki er friðlýst sbr. [auglýsing nr. 354/1979](#). Mannvirkjagerð, efnistaka og annað jarðrask innan friðlandsins er óheimilt nema með leyfi Náttúruverndarstofnunar. Óheimilt er að skemma gróður, trufla dýralíf að óþörfu og hrófla við bergmyndunum. Samkvæmt [stjórnunar- og verndaráætlun](#) svæðisins er rekstur hesta einungis heimill á megin reiðleiðum en óheimill á þeim leiðum þar sem aðeins er gert ráð fyrir að farið sé um með einn hest til reiðar. Óheimilt er að beita hestum í friðlandinu. Kvikmyndataka, ljósmyndun og viðburðir skulu ekki trufla dýralíf innan friðlandsins og truflun af þeirra völdum gagnvart öðrum gestum skal vera í lágmarki. Kvikmyndataka, ljósmyndun og viðburðir sem hafa í för með sér hættu á jarðraski, truflun dýralífs, umferðar eða upplifun annarra gesta er háð leyfi Náttúruverndarstofnunar skv. stjórnunar- og verndaráætlun svæðisins. Óheimilt er að fljúga fjarstýrðum loftförum (dróna) innan friðlandsins á tímabilinu 15. júní – 15. september nema að fengnu leyfi Náttúruverndarstofnunar skv. stjórnunar- og verndaráætlun svæðisins. Athafnir sem geta haft áhrif á friðlandið s.s. jarðrask, mengun vegna úrgangs eða fráveitna, áhrif á loftgæði, ásynd svæðis eða hefur áhrif á umferð og/eða upplifun annara gesta er óheimil nema að fengnu leyfi Náttúruverndarstofnunar.

Hjálparfoss, Gjáin og Háifoss og Granni eru friðlýst sem náttúruvætti sbr. [auglýsing nr. 110/2020](#). Óheimilt er að spilla gróðri, öðrum en framandi tegundum, eða trufla dýralíf af ásetningu innan verndarsvæðisins. Framkvæmdir, aðrar en vernd og endurheimt birkiskóga, sbr. 11. gr., á verndarsvæðinu eru háðar leyfi Náttúruverndarstofnunar að fenginni umsögn Minjastofnunar Íslands.

Reykjanesfólkvangur er friðlýstur sem fólkvangur sbr. [auglýsing nr. 520/1975](#). Jarðrask á svæðinu er óheimilt nema með leyfi Náttúruverndarstofnunar. Kvikmyndataka með dróna í Reykjanesfólkvangi er ekki leyfiskyld af hálfu Náttúruverndarstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Um er ræða kvikmyndatöku með dróna á vegum Skot Production ehf í Reykjanesfólkvangi, Dyrhóley, að Fjallabaki og við Hjálparfoss. 12 manns munu fylgja verkefninu á tókustað, 2 bílar (sem verða myndaðir), tókubíll, sendibíll og þrír jeppar með mannskap og búnað. Engin leikmynd fylgir verkefninu. Tökur fara fram á milli 18.8 – 22.8.

Áhrifamat:

Náttúruverndarstofnun metur að fyrirhuguð kvikmyndataka með dróna við Dyrhóley sé líkleg til að hafa neikvæð áhrif á fuglalíf svæðisins og upplifun annarra gesta. Ekki er talið að kvikmyndatökan hafi neikvæð áhrif við Hjálparfoss og að Fjallabaki nema tímabundin áhrif á upplifun annarra gesta. Stofnunin metur að sé farið eftir þeim skilyrðum sem sett séu fyrir leyfi þessu sé hægt að draga úr neikvæðum áhrifum verkefnisins.

Skilyrði:

Náttúruverndarstofnun veitir Skot Productions ehf. fyrir sitt leyti leyfi fyrir kvikmyndatöku með dróna innan þeirra svæða sem eru tilgreind ofar í bréfinu sbr. lýsingu hér að ofan og gildir leyfið í ár frá dagsetningu þessa bréfs að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Stjórnandi drónans skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að flugið valdi eins litlu ónáðni og hægt er. Færri gestir heimsækja svæðið snemma morguns og síðdegis.
- Aldrei skal að fljúga ómönnuðu loftfari í nágrenni og yfir fólki og forðast skal að trufla friðsæld svæðisins og upplifun gesta, öryggi þeirra og persónuvernd eins og hægt er.
- Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari nálægt dýrum, hvorki nálægt hreiðrum né á varptíma eða á þeim tíma sem telst viðkvæmur fyrir dýr og fugla.
- Flugtíma skal haldið í lágmarki og það skal fara fram utan þess tíma sem flestir gestir eru á svæðinu.
- Ef drónaflugið hefur truflandi áhrif á fugla- og/eða dýralífið skal því hætt samstundis.
- Stjórnandi/eigandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólk, dýralíf, eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ef loftfarið brotlendir eða bilar skal ábyrgðarmaður þess sjá til þess að allir hlutar þess verði fjarlægðir.
- Af öryggisástæðum skal sá sem stjórnar ómönnuðu loftfari klæðast merktum fatnaði svo hægt sé að auðkenna viðkomandi.
- Óheimilt er að fljúga innan 200 metra fjarlægðar frá fuglabjörgum á varptíma (Dyrhólaey: 1.5 – 15.8)
- Óheimilt er að fljúga nær fuglabjörgum en 50 metra ef fugl er í bjarginu.
- Ef fálkar eða ernir eru á flugi á svæðinu er óheimilt að setja drónan á loft.

Ef leyfishafi veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Náttúruverndarstofnun t.d. lagt fyrir leyfishafa að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Náttúruverndarstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Náttúruverndarstofnun mælist til þess að taka skuli á loft og lenda ómönnuðu loftfari í öruggri fjarlægð frá gestum svæðisins skv. reglugerð um ómönnuð loftför nr. 1360/2024

Að öðru leyti skal haga flugi ómannaðra loftfari í samræmi við reglugerð nr. 1360/2024, um starfrækslu fjarstýrðra loftfara.

Náttúruverndarstofnun bendir á að allir rekstraraðilar dróna verða að skrá drónana hjá Samgöngustofu á vefsíðunni flydrone.is.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Náttúruverndarstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Náttúruverndarstofnun minnir á að skv. 6. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er öllum skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýrtruðu varúð þannig að henni verði ekki spillt. Við framkvæmdir, starfsemi, rekstur og önnur umsvif sem áhrif hafa á náttúruna skal gera allt sem með sanngirni má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll.

Leyfisgjald:

Náttúruverndarstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir, kvikmyndagerðar og/eða myndatöku er kr. **83.200.** sbr. 7. gr. b. gjaldskrá Náttúruverndarstofnunar nr. 354/2025.

Eftirlit:

Náttúruverndarstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu.

René Biasone

sérfræðingur

Ármann Guðmundsson

sérfræðingur